

## SPARNAÐUR ER MIKILVÆGUR EN HAGRÆÐING NAUÐSYN

**Ingi Þór Elliðason og Arnar Jónsson**

EITT vandasamasta en jafnframt mikilvægasta verkefni næstu ára er að ná jafnvægi milli tekna og útgjalda hins opinbera. Slíkt jafnvægi er forsenda þess að hægt verði að koma á stöðugleika í efnahagsmálum á nýjan leik og leggja grunn að fjölgun starfa og aukningu kaupmáttar.

Samkvæmt upphaflegri efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þarf að draga úr útgjöldum ríkissjóðs um 20% til ársins 2012 frá því sem þau voru í fjárlögum 2009. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2010 er fjallað um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árunum 2009-2013. Þar kemur fram að ríkisstjórnin ætlar sér að standa vörð um velferðarþjónustu, einkum í félags- og heilbrigðismálum. Þá kemur fram að grunnþjónusta á borð við starfsemi skóla verði varin.

Til að það sé hægt verður verulegur hluti af lækkun ríkisútgjalda á tímabilinu að nást með aukinni hagræðingu í rekstri ríkisins svo sem með endurskipulagningu stofnanakerfisins, verkefnatilflutningi og sameiningu ráðuneyta og stofnana sem og endurmati á þeim verkefnum sem verið er að sinna. Það kemur ágætlega fram í forsendum fjárlaga fyrir árið 2010 að gerður er greinarmunur á hagræðingu og niðurskurði.

Um ofangreint er ekki deilt. Það er ekki fyrr en beinar hagræðingar- eða sparnaðartillögur eru lagðar fram sem deilurnar hefjast.

Því er mikilvægt að nálgast viðfangsefnið með réttum hætti. Hagræðingu og sparnað þarf að byggja á stefnumörkun og forgangsröðun stjórnvalda, og framkvæma á grundvelli þekkingar og reynslu stjórnenda og starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

Fyrsta skrefið er að skilgreina hvaða þjónustu hið opinbera eigi að veita. Næsta skref er að kanna hvernig hagkvæmast sé að veita þá þjónustu. Þá eru eftir flóknustu og tímafrekustu skrefin þ.e. að útfæra og framkvæma nauðsynlegar breytingar.

Krafa um hraða lækkun ríkisútgjalda kallar á almennar aðgerðir. Slíkt er gjarnan kallað flatur niðurskurður og er í raun andstæða markvissrar hagræðingar. Hættan er sú að mátturinn sé dreginn úr mikilvægri starfsemi og verkefnum – að aðeins sé verið að herða sultarólina.

Fyrir utan þá áhættu sem þetta skapar gagnvart þeim mannauði sem stofnanir ríkisins og sveitarfélaga búa yfir leiðir of mikil áhersla á lækkun kostnaðar sjónir manna frá því sem kalla má betri og skilvirkari rekstur.

Sé áherslan á betri og skilvirkari rekstur byggir slíkt á stefnumörkun og forgangsröðun á grunni hennar, nauðsynlegum úrbótum á verkferlum og skýrari ábyrgðar- og verkaskiptingu innan og milli stofnana ríkisins.

Það er t.d. ekki sjálfgefið að sameining stofnana eða ráðuneyta skili sér í betri þjónustu og lægri kostnaði. Slíkum ákvörðunum þarf að fylgja vel eftir og vinna einbeitt að framkvæmd nauðsynlegra breytinga á skipulagi og vinnubrögðum, oft með hjálp utanaðkomandi ráðgjafa og sérfræðinga. Mikil tregða er jafnan ríkjandi gagnvart breytingum sem kosta bæði starfsorku og peninga til skamms tíma en eru forsenda raunverulegs árangurs til lengdar. Reynslan sýnir að þarna bregst mönnum oftast bogalístin.

Rafræn skil á skattframtölum einstaklinga eru gott dæmi um hvernig hægt er að bæta þjónustu með minni tilkostnaði, bæði fyrir þann sem veitir þjónustuna og neytandann. Hjá ríkisskattstjóra hefur á undanförunum árum verið fjárfest í upplýsingatækni og breyttum vinnubrögðum sem hafa skilað margvíslegum ávinningi s.s.

lægri kostnaði við útsendingu og úrvinnslu framtala, betri skattskilum og þar með tekjuauka fyrir ríkissjóð svo ekki sé minnst á ómældan vinnusparnað fyrir tugþúsundir Íslendinga.

Flatúr niðurskurður skilar yfirleitt litlu þegar upp er staðið. Hann er í eðli sínu skammtímaaðgerð sem getur valdið auknum kostnaði þegar fram í sækir. Hann bitnar jafnt á nauðsynlegum og verðugum verkefnum og verkefnum sem ekki eru jafn mikilvæg. Við fáum einfaldlega minna af öllu, þörfu sem óþörfu.

Meginhluti opinberra útgjalda rennur til málaflokka sem breið sátt er um að ríki og sveitarfélög sinni s.s. heilbrigðismála, menningar- og menntamála, félagslegra málefna og samgangna. Hins vegar vita þeir sem þekkja rekstur ríkis og sveitarfélaga að þar leynast víða dæmi um verkefni sem ekki er með nokkru móti unnt að flokka sem hluta af grunnþjónustu og jafnvel ekki heldur sem hluta af opinberri þjónustu.

Stundum eru slík verkefni kölluð „gæluverkefni“ eða „kjördæmapot“. Oft eru þetta þó mál sem skipta ákveðna afmarkaða hópa miklu máli og væru talin sjálfsögð og eðlileg ef nægt fé væri fyrir hendi. Í sumum tilfellum er þó um að ræða verkefni sem þjóna engum sérstökum tilgangi og eru í raun óþörf.

Nú eru aðstæður þannig að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að við höfum ekki efni á að styðja við mörg af þessum málefnum lengur. Þau eru ákveðinn þjóðfélagslegur „lúxus“ sem skera þarf niður þegar herðir að til að hægt sé að standa vörð um annað. Auðvitað mun það valda sársauka og þrýstihópar munu berjast grimmilega fyrir því að nákvæmlega þeirra verkefni lendi ekki undir hnífnum. Hér verða menn að sýna þor og festu.

Við verðum að nálgast útgjöld hins opinbera með breyttu hugarfari. Við þurfum að skilgreina hvaða þjónustu beri að veita og gera þá kröfu að hún sé veitt á hagkvæman hátt.

Þetta tvennt, það er skynsamleg forgangsörðun á verkefnum hins opinbera og aukin skilvirkni í rekstri, er eina raunhæfa leiðin til að draga úr útgjöldum og ná þar með nauðsynlegu jafnvægi í ríkisfjármálum án þess að draga um of úr nauðsynlegri þjónustu.

Ingvi Þór er forstjóri Capacent á Íslandi. Arnar Jónsson er stjórnsýsluráðgjafi hjá Capacent á Íslandi.

Greinin birtist upphaflega í Morgunblaðinu 18. febrúar 2009.